

## AUGLÝSING

**um skipulagsmál í Þingeyjarsveit.**

*Deiliskipulag frístundabyggðar í landi Hafralækjar í Aðaldal.*

Sveitarstjórn Þingeyjarsveitar samþykkti þann 29. október 2009, í samræmi við 1. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum, ofangreint deiliskipulag.

Deiliskipulagið nær til 6 ha svæðis og er gert ráð fyrir 9 frístundalóðum á bilinu 4.000-6.900 m<sup>2</sup>. Hámarksstærð húsa er 120 m<sup>2</sup> og lágmarksstærð 30 m<sup>2</sup>.

Deiliskipulagstillagan hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og öðlast hún þegar gildi.

*Kjarna, 5. febrúar 2010.*

**Tryggvi Harðarson** sveitarstjóri.

---

B-deild – Útgáfud.: 24. febrúar 2010